

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *40.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 28. júní 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kosning oddvita og varaoddvita.
3. Staða löggæslumála í Pingeyjarsýslum.
4. Framlagning kjörskrár v/forsetakosninga 30. júní.
5. Tilboð v/endurnýjunar á hitaveitu 2012-2014.
6. Styrkbeiðni frá unglिंगadeildinni Mývörgum.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 18. júní.
8. Verk- og kostnaðaráætlun v/deiliskipulags af þéttbýlinu í Reykjahlíð.
9. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja rannsóknarhola í Bjarnarflagi.
10. Skólaakstur.
11. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 18. júní.
12. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um breytingu á deiliskipulagi í Bjarnarflagi.
13. Erindi frá Kiwanisklúbbum Herðubreið.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 23. maí.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 6. júní.

Bréf frá formanni fjárlaganefndar Alþingis dags. 18. júní.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 13 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.
Þá óskaði oddviti eftir að breyta röðun á afgreiðslu dagskrárliða. Samþykkt samhljóða.

2. Kosning oddvita og varaoddvita.

Karl Emil gerði tillögu um að oddviti yrði Dagbjört Bjarnadóttir og varaoddviti yrði Böðvar Pétursson. Samþykkt samhljóða.

3. Staða löggæslumála í Þingeyjarsýslum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ræddi þá alvarlegu stöðu sem uppi er í löggæslumálum í umdæmi lögreglunnar í Þingeyjarsýslum, landfræðilega stærsta lögregluumdæmi landsins. Nú eru einungis sex virkir lögreglumenn að störfum. Þessi mannekla hefur það í för með sér að eftir kl. fjögur á daginn er einn lögreglumaður á vakt sem sinnir 19.000 km² svæði, og ekki er kölluð út bakvakt nema í ytrustu neyð. Í vegalengd jafngildir þetta því að einn lögreglumaður sinni svæðinu frá Akureyri suður í Borgarnes. Innan umdæmis lögreglunnar í Þingeyjarsýslum eru nokkrir þéttbýlisstaðir auk fjölförnustu ferðamannastaða á Íslandi svo sem Mývatnssveit, Vaglaskógur, Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, Ásbyrgi, Dettifoss, Herðubreiðarlindir, Askja og Vatnajökulsþjóðgarður. Auk íbúa fara nokkur þúsund ferðamenn um svæðið á hverjum degi yfir sumarmánuðina.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra hefur orðið 28% fækkun lögreglumanna á svæðinu á milli árána 2010 og 2011, ekkert annað embætti hefur þurft að takast á við viðlíka niðurskurð og var þó skv. löggæsluáætlun undirmannað fyrir hið margfræga efnahagshrun. Enn hefur fækkað í lögreglulíðinu á milli árána 2011 og 2012, og sem fyrr segir telur einungis sex lögreglumenn. Þá hefur akstur lögreglubifreiða verið minnkaður úr 180 þús. km. í 85 þús. km. Þessi niðurskurður kemur eðli máls verst niður á jaðarbyggðum svæðisins svo sem Mývatnssveit og er með öllu óþolandi. Íbúar svæðisins og gestir njóta ekki sama öryggis og aðrir landsmenn. Það á enginn að þurfa að búa við þær aðstæður að geta ekki treyst á aðstoð lögreglunnar þurfi þeir á henni að halda. Það er jafnframt algjörlega óforsvaranlegt og ólíðandi að bjóða lögreglumönnum uppá það starfsumhverfi að fara einir í útköll. Slíkt kallar á öryggi og aukið álag í starfi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar hér með á innanríkisráðherra, hr. Ögmund Jónasson að bregðast skjótt við og beita sér í málinu. Tryggja verður aukið fjármagn svo fjölga megi stöðugildum í umdæmi lögreglunnar í Þingeyjarsýslum.

4. Framlagning kjörskrár v/forsetakosninga 30. júní.

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 305, 154 konur og 151 karl. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir, felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

5. Tilboð v/endurnýjunar á hitaveitu 2012-2014.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ákvað að óska eftir tilboðum frá Jóni Inga Hinrikssyni, Þórhalli Kristjánssyni og Karli Viðari Pálssyni í jarðvinnu ofl. vegna endurnýjunar á hitaveitu 2012-2014.

Tilboð barst frá Jóni Inga Hinrikssyni ehf. að upphæð kr. 28.573.370,- sem er 88% af kostnaðaráætlun. Þórhallur og Karl Viðar þökkðu fyrir tækifærið að fá að taka þátt en sáu sér ekki fært að senda inn tilboð.

Verkfræðistofan Verkís hefur yfirfarið tilboðið.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að ganga að tilboði Jóns Inga, þó með fyrirvara um kostnað og framkvæmdir vegna ídráttarrörs sem ætlunin var að leggja með hitaveitunni.

6. Styrkbeiðni frá unglिंगadeildinni Mývörgum.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Péttri Bjarna Gíslasyni f.h. unglिंगadeildarinnar Mývarga. Í bréfinu kemur fram að dagana 7-16 ágúst n.k. muni Unglिंगadeildin Mývargar í samstarfi við unglिंगadeildina Náttfara á Húsavík taka á móti unglिंगadeild frá Þýskalandi, undir nafni verkefnisins „Sjálfbodaðastarf í þágu samfélagsins“ Gert er ráð fyrir 16 þátttakendum frá Þýskalandi, 8 frá Húsavík, 8 úr Mývatnssveit auk 6 umsjónarmanna.

Óskað er eftir að sveitarfélagið styrki verkefnið með því að bjóða hópnum tvisvar í sund, greiði eina máltíð auk afnota af skólanum í þrjú daga.

Sveitarstjórn samþykkir erindið en felur sveitarstjóra að ræða við viðkomandi um afnotin af skólanum.

7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 18. júní.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir samþykkt á meðfylgjandi skipulagslýsingu vegna stækkunar Kröfluvirkjunar og heimild til deiliskipulagsgerðar af sama svæði.

Nefndin gerir nokkrar athugasemdir við fyrirliggjandi skipulagslýsingu en leggur samt til við sveitarstjórn að heimild verði veitt til deiliskipulagsgerðar.

Í öðrum lið er tekin fyrir tíma- og kostnaðaráætlun vegna deiliskipulagsgerðar af þéttbýlinu í Reykjahlíð. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ganga til samninga við Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónsson og fél. um skipulag af öllu leigulandi hreppsins.

Í þriðja lið er tekin fyrir umsókn um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir húsið að Múlavegi 9a. Ástæðan fyrir því að húseigandi óskar eftir áframhaldandi leyfi er að ekki er búið að ljúka aðal- eða deiliskipulagi á framtíðarlóð hússins í landi Voga 3. Nefndin telur að skv. kafla 2.6 í nýjum mannvirkjalögum sé ekki hægt að veita umbeðið leyfi fyrir íbúðarhúsnæði og felur skipulagsfulltrúa að finna framtíðarlaust í samstarfi við umsækjanda.

Í fjórða lið er tekin fyrir endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi hótelsvæðis í landi Arnarvatns. Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ýmsar athugasemdir við tillöguna en felur engu að síður skipulagsfulltrúa í samráði við formann nefndarinnar að kynna hana fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum sk.v 4. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2100, áður en hún kemur til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Í fimmta lið er tekin fyrir umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja rannsóknarhola í Bjarnarflagi. Tilgangurinn með borun holanna er að kanna nánar jarðhitakerfið við Námafjall til öflunar gufu með hagkvæmum hætti fyrir fyrirhugaða jarðhitavirkjun í Bjarnarflagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hún samþykki að landsvirkjun verði veitt umbeðið leyfi þegar uppfyllt hafa verið skilyrði skv. bókun sveitarstjórnar í viðauka við deiliskipulagi um að samkomulag við landeigendur liggja fyrir.

Í sjötta lið er tekið fyrir erindi frá Elínu Einarsdóttur Kálfaströnd 2, þar sem hún óskar eftir að stofna lóð úr landi Kálfastrandar 1, skv. m.f. uppdrætti. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á fyrsta lið fundargerðarinnar þar til fullnægjandi gögn hafa borist. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á ördum liðum fundargerðarinnar.

8. Verk- og kostnaðaráætlun v/deiliskipulags af þéttbýlinu í Reykjahlíð.

Fyrir fundinum liggja verk- og kostnaðaráætlanir frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum, vegna deiliskipulagsgerðar af þéttbýlinu í Reykjahlíð. Annars vegar fyrir deiliskipulag nýbyggingarsvæða kr. 3,7 millj. og hins vegar af öllu leigulandi hreppsins kr. 4,9 millj. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Teiknistofu arkitekta um deiliskipulagsgerð af öllu leigulandi sveitarfélagsins.

9. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja rannsóknarhola í Bjarnarflagi.

Þess er farið á leit með tilvísan í 13 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að sveitarstjórn Skútustaðahrepps veiti framkvæmdaleyfi fyrir borun á tveimur 2000-2500 m rannsóknarholum á túni í Bjarnarflagi, B-16 og B-17. Tilgangurinn með borun holanna er að kanna nánar jarðhitakerfið við Námafjall til öflunar gufu með hagkvæmum hætti fyrir fyrirhugaða Bjarnarflagsvirkjun.

Sveitarstjórn minnir á bókun frá 12. maí 2011 þar sem segir m.a. að engin leyfi verði veitt fyrir framkvæmdum á grundvelli skipulagsins nema fyrir liggi með skýrum hætti samningar eða annars konar skilríki á milli landeigenda/eigenda réttinda fyrir hlutaðeigandi réttindum og framkvæmdum. Framkvæmdaaðili í þessu tilviki Landsvirkjun hefur ekki tekist að sýna fram á að fyrirtækið hafi umráðarétt yfir umræddu túni.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins þangað til samkomulag við landeigendur liggur fyrir.

Karl Emil, Böðvar og Guðrún María véku af fundi undir þessum lið. Sæti tóku Auður Jónsdóttir og Birgir Steingrímsson.

10. Skólaakstur.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til viðræða við núverandi skólabílstjóra um skólaakstur til næstu tveggja ára.

Dagbjört vék af fundi undir þessum lið. Sæti tók Auður Jónsdóttir.

11. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 18. júní.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er rætt um drög að vinnureglum um úthlutun styrkja til menningar- og æskulýðsmála. Nefndin mun vinna þau drög áfram.

Í öðrum lið er farið yfir félagsstarf eldri Mývetninga. Félags- og menningarmálanefnd telur afar mikilvægt að á haustdögum komist félagsstarf með eldri Mývetningum í fastar skorður. Þeim tilmælum er beint til sveitarstjórnar að útvegað verði fast húsnæði fyrir vikulegar samverustundir á vegum sveitarfélagsins. Minnt er á viðhorfskönnun á óskum íbúa Skútustaðahrepps 60 ára og eldri sem gerð var árið 2010. Æskilegt er að hafa niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við mótun starfsins. Nefndin hvetur til þess að óskað verði eftir samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, þannig að starfsmenn heimahjúkrunar komi að félagsstarfinu með einhverjum hætti.

Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar og felur sveitarstjóra að hafa samband við HP. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

12. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um breytingu á deiliskipulagi í Bjarnarflagi.

Breytingin fellst m.a. í breyttir aðkomuleið að væntanlegri virkjun, stækkun á mannvirkjabelti við B6, byggingareitir R1 og R2 stækkaðir lítillega. Auk þess er gerð breyting á legu göngustíga.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Karl Emil, Böðvar og Guðrún María véku af fundi undir þessum lið. Sæti tóku Auður Jónsdóttir og Birgir Steingrímsson.

13. Erindi frá Kiwanisklúbbum Herðubreið.

Með bréfi rekur Jóhannes Steingrímsson f.h. Kiwanisklúbbsins Herðubreiðar, markmið áheitasöfnunar sem Kiwanishreyfingin á Íslandi stendur fyrir en hún slær nú golfbolta meðfram hringveginum 1380 km leið. Söfnunarfénu verður í samvinnu við UNICEF varið til að að útrýma stífkampa.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 28.500,-

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.